

FUNDARBOÐ

**1754. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 28. október 2015 og
hefst kl. 16:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1510393 - Tímabundið leyfi frá bæjarstjórn

Lagður fram tölvupóstur frá Evu Lín Vilhjálmisdóttur varabæjarfulltrúa þar sem sótt er um tímabundið leyfi frá störfum sínum sem varabæjarfulltrúi frá og með 2.nóvember 2015 með vísan til 30.gr.sveitarstjórnarlaga nr.38/2011

2. 1502214 - Markaðsstofa Hafnarfjarðar

Stofnskrá Markaðsstofu Hafnarfjarðar lögð fram.
Tilnefning í stjórn Markaðsstofu Hafnarfjarðar, bæjarstjórn tilnefnir 3 aðalmenn og 1 varamann.

3. 1509763 - Fimleikafélagið Björk, rekstrarsamningur

1.liður úr fundargerð FRÆH frá 26.okt. sl.
Frá síðasta fundi
Drög að rekstrarsamningi við fimleikafélagið Björk tekinn til afgreiðslu.

Fræðsluráð samþykkir fyrir sitt leiti fyrirbyggjandi samning og vísar honum til bæjarstjórnar.Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna sitja hjá.

Fulltrúar Samfylkingar óskar bókað:

Undirrituð telur sig ekki hafa forsendur til að samþykkja fyrirbyggjandi drög að rekstrarsamningi við fimleikafélagið Björk að svo stöddu. Málið hefur ekki fengið nægjanlega kynningu auk þess sem eðlilegt væri að það fengi umræðu í umhverfis- og framkvæmdaráði sem fer alla jafna með rekstur fasteigna bæjarins. Þá tel ég einnig óvænlegt að taka einstaka rekstrarsamninga fyrir nú á meðan heildarendurskoðun allra þjónustu- og rekstrarsamninga við íþróttafélög bæjarins er ekki að fullu lokið.

4. 1501023 - Fundargerðir 2015, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð fjölskylduráðs frá 19.okt. sl.
Fundargerð bæjarráðs frá 22.okt.sl.
a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 14.okt.sl.
b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 14.okt.sl.
c. Fundargerðir stjórnar SSH frá 16.sept. og 12.okt.sl.
Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 20.okt.sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 21.okt. sl.

a.Fundargerðir stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 25.júní og 23.sept. sl.

b.Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 16.okt. sl.

c. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 2.okt.sl.

Fundargerðir fræðsluráðs frá 21. og 26.okt. sl.

5. 1507104 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2016, fyrri umræða

3.liður úr fundargerð BÆJH frá 22.okt. sl.

Rósa Steingrímsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs kom á fundinn.

Bæjarráð vísar fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og stofnana hans 2016 til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

26.10.2015

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri